

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 36/2000
frá 31. mars 2000

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 172/1999 frá 26. nóvember 1999⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að útvíkka samstarf samningsaðilanna þannig að það nái til þess að stuðla að dvöl í öðru Evrópulandi sem lið í starfstengdri þjálfun, að meðtöldum námssamningi (ákvörðun ráðsins 1999/51/EB⁽²⁾).
- 3) Því ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að unnt sé að gera ráð fyrir þessu útvíkkaða samstarfi frá 1. janúar 2000.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 17. 22.1.1999, bls. 45.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið 2c í 4. gr. bókunar 31 við samninginn:

1. Í stað „áætlun“ í inngangslíð komi „áætlanir“.
2. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„- **399 D 0051:** Ákvörðun ráðsins 1999/51/EB frá 21. desember 1998 um að stuðla að dvöl í öðru Evrópulandi sem lið í starfstengdri þjálfun, að meðtöldum námssamningi (Stjtíð. EB L 17, 22.1.1999, bls. 45).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 1. apríl 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 2000

(*) Stjórnskipuleg skilyrði tilgreind.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 31. mars 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

